

BELTANÁLGUN Í MÁU

Sebastian Peters, VSÓ

Verkefnið í hnotskurn

Verkefnið fjallar um ný efnistöð vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda í vegagerð. Fjallað verður um nýja nálgun, svokallaða beltanálgun, þar sem í matsvinnunni er fjallað um framkvæmdabelti fremur en um afmarkaðar veglínur eins og hefur tíðkast á Íslandi. Með þessu er leitast við að skýra og einfalda matsvinnu varðandi skilgreiningu verkefna og samanburð mismunandi valkosta, auk þess að auka svigrún Vegagerðarinnar við val á veglínu.

Umfjöllun

Reynslan sýnir að vinna vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda byggist á nálgun þar sem vinnan miðar við nokkuð afmarkaða veglínur. Meðal annars er sökum þessa við upphaf verkefna mikill tími og vinna lögð í að skilgreina veglínur. Þessi nálgun þrengir að svigrúmi Vegagerðarinnar til að nýta matsvinnu til að skilgreina ákjósanlegt framkvæmdasvæði.

Matsvinna hefur oft valdið því að framkvæmdaraðili kýs, í ljósi umhverfisáhrifa og umræðu, að leggja til nýjar veglínur. Slíkt kallar á nýjar athuganir og rannsóknir sérfræðinga, breytingar á matsskýrslu svo og umfangsmikils samráðs við umsagnaraðila vegna breyttra framkvæmda og jafnvel frávika frá matsáætlun. Málsmeðferð MÁU verður tortryggari af þeim sökum og þegar upp er staðið hefur matsvinnan lengst og orðið dýrara en ella. Æskilegt væri að matsvinna nýtist til þess að skilgreina framkvæmdabelti í stað einstakra veglína. Gott dæmi um þetta er matsvinna vegna Gjábakkavegar, þar sem tafir hafa orðið á matsvinnu vegna tilkomu nýrra framkvæmdakosta.

Beltanálgun felur í sér að skilgreina mögulegt framkvæmdabelti þar sem ýmsar útfærslur framkvæmda koma til greina en jafnframt er horft á að skilgreina svæði / staði sem þarf að hlífa við raski. Á þann hátt nýtist matsvinna til þess að skilgreina ákjósanlegt framkvæmdarsvæði m.t.t. umhverfisins fremur en að matsvinna verður til þess að breyta þurfi verkefni sem er langt á veg komin. Á sama hátt er ljóst að beltanálgunin gerir kleift að vinna mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdir þar sem val á nákvæmri staðsetningu vegar hefur ekki enn farið fram s.s. vegna hugmynda um ferðamannaveg við Jökulsá á fjöllum.

Í mati á umhverfisáhrifum fyrir veg um Öxarfjarðarheiði, sem er nú á lokastigi, hefur hugmyndafræði um beltanálgun verið beitt. Í fyrirlestrinum um verkefnið verður greint frá fyrstu niðurstöðum þessara tilraun.